

77. stjórnarfundur Bergrisans bs.

20.9.2024

Staðsetning: fjarfundur á Teams.

Fundur hófst klukkan 13:00.

Fundinn sátu: Bragi Bjarnason, Anton Kári Halldórsson, Ása Valdís Árnadóttir, Elliði Vignisson og Sandra Sigurðardóttir.

Frá Bergrisanum voru Íris Ellertsdóttir og Bjarki R. Kristjánsson.

Dagskrá

1. Beiðni um aukið stöðugildi hjá VISS í Þorlákshöfn

Verkefnastjóri kynnti beiðni um aukið stöðugildi hjá Viss í Þorlákshöfn. Sótt er um 60% stöðugildi frá 1. október 2024.

Stjórn samþykkir tillöguna samhljóða og felur verkefnastjóra að svara beiðninni.

2. Fjárhagsáætlun Bergrisans 2025

Skrifstofustjóri kynnti drög að útkomuspá ársins ásamt fjárhagsáætlun 2025. Jafnframt voru umræður um fyrirkomulag við fjárhagsáætlunargerð og skrifstofustjóra falið að móta nýtt verklag til að tryggja að áætlunin sé bæði tímanlega hjá einingunum og að samræmi sé tryggt í gerð áætlunar milli eininga.

Stjórn samþykkir útkomuspá 2024 og fjárhagsáætlun 2025 og vísar málinu áfram til aðalfundar Bergrisans.

Elliði Vignisson vék af fundi kl. 14:00

3. Þóknun stjórnar

Lögð er fram tillaga að leggja til við aðalfund Bergrisans að stjórn fái þóknun fyrir stjórnarsetu hjá Bergrisanum í samræmi við aðrar stjórnir hjá sveitarfélögum. Starfsemi Bergrisans hefur aukist mikið

undanfarin ár og ekki óeðlilegt að stjórnarseta í Bergrisanum sé launuð til samræmis við aðrar stjórnir félaga í eigu sveitarfélaga.

Lagt er til að þóknun til stjórnar (allra nema formanns) skuli nema 3,0% af þingfararkaupi fyrir hvern fund. Laun formanns skulu nema 4,5% af þingfararkaupi fyrir hvern fund.

Tillagan er samþykkt með þremur atkvæðum á móti einu atkvæði Árborgar. Stjórn vísar því tillögunni áfram til aðalfundar Bergrisans.

4. Breytingar á samþykktum

Skrifstofustjóri kynnti drög að breytingum á samþykktum.

Stjórn samþykkir tillögunar og vísar þeim áfram til aðalfundar.

Sandra Sigurðardóttir vék af fundi kl. 14:45.

5. Tímasetning aðalfundar

Skrifstofustjóri leggur til að færa aðalfund þar sem umhverfisþing hefur verið sett á sama tíma og búið var að ákveða aðalfund. Lagt er til að nýr tími verði 14. október kl. 13.

Stjórn samþykkir tímasetninguna og felur skrifstofustjóra að senda út fundarboð.

6. Önnur mál

Enginn önnur mál rædd.

Fundi slitið klukkan 15:00.

Undirritunarsíða

Anton Kári Halldórsson

Ása Valdís Árnadóttir

Elliði Vignisson

Sandra Sigurðardóttir

Bragi Bjarnason